

vera óraskaður. Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors. Við meðferð málsins í héraði athugast, að fyrgreindur landsyfíráttardómur hefir eigi verið lagður fram í málinu, en að öðru leyti hefir málsmeðferðin verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Ákærði, Tómas Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Odds Gíslasonar og Eggerts Claessens yfíráttarmálaflutningsmanna, 15 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1915.

Nr. 5/1915.

Hreppsnefnd Helgustaðahrepps
gegn

Árna Jónassyni

fyrir hönd hvalveiðastöðvar

Ásgeirs Ásgeirssonar.

D ó m u r :

Haustið 1913 jafnaði áfrýjandi þessa máls, hreppsnefnd Helgustaðahrepps í Reyðarfirði, sveitarútsvari fyrir fardagaárið 1913—1914 kr. 1400,00 á hvalveiðastöð Ásgeirs Ásgeirssonar á Svinaskála þar í hreppnum. Þetta útsvar neitaði umsjónarmaður hvalveiðastöðvarinnar Árni Jónasson fyrir hönd eigandans að greiða, og beiddist hreppsnefndin þá lögtaks á því. En við lögtaksgerðina, sem fór fram 28. febr. f. á., úrskurðaði fógætinn, að hið umbeðna lögtak færi eigi fram. Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 30. jan. þ. á., að fengnu uppreistarleyfi, gjafsóknarleyfi og skipuðum málflutningsmanni, er hefir krafist þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði breytt þannig, að fógætinn verði dæmdur til að framkvæma lögtak hjá stefnda, Á. Ásgeirssonar hvalveiðastöð á Svinaskála í Reyðarfirði, á aukaútsvari til Helgustaðahrepps fyrir fardagaárið 1913—1914 að upphæð 1400 kr, svo og að áfrýjanda verði dæmdur málskostnaður eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir réttarins mati.

Ágreiningurinn í máli þessu er um það, hvort stefndi hafi verið útsvarsskyldur í Helgustaðahreppi fardagaárið 1913—1914. Telur áfrýjandi að svo hafi verið, og að stefndi hafi viðurkent það með því að kæra útsvarið fyrir hreppsnefndinni og krefjast lækkunar á því niður í 300 kr. En stefndi heldur því fram, að útsvarskæruna beri að eins að skoða sem

sáttaboð frá sinni hendi til þess að vera laus við lögtak og málarekstur, og hafi tilbúið fallið burtu, er það var eigi samþykkt af hreppsnefndinni. Útsvarskæran hefir eigi komið fram í málinu, svo að eigi verður séð, hvern skilning beri að leggja í hana um þetta atriði, og verður þá eigi frekar lagt upp úr henni en stefndi heldur fram, að hún hafi verið sáttaboð, og að stefndi hafi eigi með henni viljað afsala sér rétti sínum til að leita dómsúrskurðar um það, hvort hann væri útsvarsskyldur í hreppnum.

Það er viðurkennt í málinu, að nefnd hvalveiðastöð hafi eigi verið rekin og engan arð gefið eigandanum fardagaárið 1913—1914, og eigandi hennar hafi eigi átt heima í hreppnum það ár. Engu að síður telur áfrýjandi sér þó hafa verið heimilt að leggja sveitarútsvar á hvalveiðastöðina og færir til þær ástæður, að stefndi hafi nefnt fardagaár haft og hafi enn leiguafnot af allmiklu svæði í landi jarðarinnar Svinaskála og Svinaskálastekks, er hann hafi eigi að eins notað við rekstur hvalveiðastöðvarinnar, en einnig að nokkru leyti ræktað og haft til beitar, að stefndi hafi átt stóreignir í hreppnum, húseignir og miklar birgðir af ýmsum vörum og að á gjaldárinu hafi stefndi bæði selt og flutt burtu úr hreppnum birgðir sínar þar, og hafi þannig af hans hálfu farið fram starfsemi í hreppnum, sem vafalaust geri hann útsvarsskyldan þar.

Svæði það í landi jarðanna Svinaskála og Svinaskálastekks, sem hvalveiðastöðin er reist á, var af eigendunum með samningi 5. marz 1904 leigt »Hinú islenzka hvalveiðafélagi« og má ráða af málfærsl-

unni að Ásgeir Áseirsson hafi síðar eignast rétt þessa félags eftir samningnum. Það verður nú af samningi þessum eigi séð, að svæðið hafi verið leigt til annara afnota en í þarfir stöðvarinnar sjálfrar, til að reisa þar hús, bryggjur og aðrar tilfæringar til afnota við hvalveiðarnar, en þetta verður eigi talið leiguliðaafnot. Á ræktun eða beit er eigi minnst í samningnum, en áfrýjandi heldur því þó fram, að stefndi hafi ræktað matjurtagarð á lóðinni og notað hana til beitar. Stefndi mótmælir þessu og áfrýjandi hefir eigi sannað, að stefndi hafi haft önnur afnot af lóðinni en samningurinn bendir til. Verður því eigi sú heimild talin fyrir útsvarsálagningunni samkvæmt 36. gr. sveitarstjórnarlaganna 10. nóvbr. 1905, að stefndi hafi haft leiguliðaafnot af lóðinni. Önnur ástæða áfrýjanda fyrir útsvarsálagunni er sú, að stefndi hafi þetta gjaldár átt stóreignir í hreppnum, er áfrýjandi telur hafa numið 200000 kr. Stefndi segir eigurnar hafa verið miklu minni, en það skiftir eigi máli hér, hvers virði eignir þessar voru, með því að eigi voru lög til að leggja á þær sveitarútsvar, er eigandi þeirra átti eigi heimili í hreppnum og hafði þeirra engin not eða arð á gjaldárinu.

Sú starfsemi stefnda, að selja og flytja burtu frá hvalveiðastöðinni, þegar hún var lögð niður, birgðir hennar t. d. af tunnum og kokes, verður eigi talin arðsamt fyrirtæki eða verzlun, og gat því eigi gert stefnda útsvarsskyldan samkvæmt hinni tilvitnuðu grein sveitarstjórnarlaganna.

Með því að framantaldar ástæður fyrir kröfu áfrýjanda eru ónógar og hann hefir eigi sýnt fram

á, að nein önnur heimild hafi verið til þess að gera stefnda sveitarútsvar í Helgustaðahreppi fardagaárið 1913—1914 verður krafa hans um ónýting hins áfrýjaða úrskurðar eigi tekin til greina, en það ber að staðfesta úrskurðinn.

Eftir þessum úrslitum þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 25 krónur. Skipaður talsmaður áfrýjanda fyrir yfirdóminum hefir flutt málið forsvaranlega og ber honum 25 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landsjóði.

Því dæmist rétt vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi hreppsnefnd Helgustaðahrepps greiði stefnda Árna Jónassyni fyrir hönd Hvalveiðastöðvar Ásgeirs Ásgeirssonar 25 kr. í málskostnað. Skipuðum talsmanni áfrýjanda yfirdómslögmanni Ólafi Lárussyni greiðist málflutningslaun 25 kr. úr landsjóði.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri lagaadför.